

»Samþykkt

fyrir Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað um fiskiveiðar á opnum skipum.

1. grein.

Enginn, sem stundar fiskiveiðar á opnum skipum, má á nokkru fiskimiði í Ísafjarðarsýslu, á tímabilinu frá veturnóttum til sumarmála, láta lóðir liggja í sjó næturlangt.

2. grein.

Enginn má á nokkru fiskimiði í Ísafjarðarsýslu slægja eða afhöfða nokkra fiskitegund á sjó úti, á tímabilinu frá 1. október til 1. apríl.

3. grein.

- a. Á sama svæði má enginn á tímabilinu frá 1. desbr. til 1. maí árið eptir brúka krækling til beitu.
- b. Enginn má á tímabilinu frá 1. apríl til 15. maí sama ár brúka síld í beitu á framanskriðuðum svæði á lóðir.
- c. Sexmannaförum sje leyfilegt að hafa að eins 200 faðma af innsettum hrognkelsanetum, en þriggja- og fjógramannaförum að eins 150 faðma.

4. grein.

- a. Í hverjum hrepp í Ísafjarðarsýslu og í Ísafjarðarkaupstað sje skipuð nefnd þriggja manna; kys hreppsnefndin eða bæjarstjórnin einn þeirra úr sínum flokki, og skal hann vera oddviti nefndarinnar; en hinir tveir skulu vera formenn, og gengst oddvitinn fyrir því, að formenn þeir, er uppsátur hafa í hreppnum, sjálfir kjósi þá úr sínum flokki í byrjun hverrar vertíðar. Skal nefnd þessi hafa nákvæmar gætur á, að öllu því, sem tekið er fram í samþykkt þessari, sje fyllilega hlýtt. Verði einhver uppvís að því, eða nefndinni þyki líklegt, að einhver hafi brotið á móti samþykktinni, tilkynnir hún það hlutaðeigandi yfirvaldi.
- b. Brjóti nokkur móti samþykkt þessari, nema líf liggja við, varðar það sektum frá 1 kr. til 100 kr. eptir málavöxtum. Fjórdi hluti sektar ber uppljóstrarmanni, helmingur gæzlunefndinni og fjórðungur hreppi þeim, sem brotið er framið í.

*

*

*

Samþykkt þessi staðfestist hjer með af undirskrifuðum amtmanni til að öðlast gildi 1. dag októbermánaðar 1879, og kunngjörist hjer með öllum hlutaðeigöndum til eptirbreytni.

Íslands vesturamt, Reykjavík 16. d. ágúst. 1879.

Bergur Thorberg.

S a m þ y k k t

fyrir Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað um hákarlaveiðar á opnum skipum.

Sýslunefndin í Ísafjarðarsýslu hefir með lögakveðinni hlutdeild af hálfu bæjarstjórnarinnar í Ísafjarðarkaupstað samkvæmt lögum 14. desember 1877 um ýmisleg atvæði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, gjört eptirfylgjandi

»Samþykkt

fyrir Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað um hákarlaveiðar á opnum skipum:

1. grein.

Enginn má á nokkru fiski- eða hákarlamiði í Ísafjarðarsýslu á tímabilinu frá 1. október til 15. febrúarmánaðar skera niður eða sleppa í sjóinn nokkru af hákarli.

90
16. ágúst

2. grein.
Í hverjum hreppi Ísafjarðarsýslu, og í Ísafjarðarkaupstað, sje skipað nefnd þriggja manna; kys hreppsnefndin eða bæjarstjórnin einn þeirra úr sínum flokki, og skal hann vera oddviti nefndarinnar; en hinir tveir skulu vera formenn, og gengst oddvitinn fyrir því, að formenn þeir, er uppsátur hafa í hreppnum, sjálfir kjósi þá úr sínum flokki í byrjun hverrar vertíðar. Skal nefnd þessi hafa nákvæmar gætur á, að öllu því, sem tekið er fram í samþykkt þessari, sje fyllilega hlýtt. Verði einhver uppvis að því, eða þyki nefndinni líklegt, að einhver hafi brotið á móti samþykktinni, tilkynnir hún það hlutaðeigandi yfirvaldi.

3. grein.

Brjóti nokkur móti samþykkt þessari nema líf liggi við, varðar það sektum frá 1 kr. til 100 króna eptir málavöxtum; fjórði hluti sekta ber uppljóstrarmanni, helmingur gæzlunefndinni og fjórðungur hreppi þeim, sem brotið er framið í.

*
Samþykkt þessi staðfestist hjer með af undirskrifuðum amtmanni til að öðlast gildi 1. októbermán. 1879, og kunngjörist hjer með öllum hlutaðeigöndum til eptirbreytni. Íslands vesturamt, Reykjavík 16. d. ágústmán. 1879.

Bergur Thorberg.

EMBETTISMANNASKIPUN O. FL.

3. júlí þ. á. setti ráðgjafinn cand. juris Einar Thórlacius til að vera sýslumann í Skaptafellssýslu um 1 ár frá 1. ágúst þ. á.

28. s. m. setti landshöfðingi kandidát í læknisfræði Helga Guðmundsson, til að vera hjeraðslækni í 10. læknishjeraði.

29. s. m. veitti hans hátign konungurinn sýslumanni í Barðastrandarsýslu Gunnlaugi Blöndahl lausn í náð frá embætti með eptirlaunum samkvæmt eptirlaunalögnum.

27. ágúst þ. á. veitti landshöfðingi Fells og Höfða prestakall í Skagafjarðarprófestsdæmi kandidát í guðfræði Einar Jónssyni.

28. s. m. setti landshöfðingi stúdent Ásmund Sveinsson sýslumann í Barðastrandarsýslu um stundarsakir.

29. s. m. veitti landshöfðingi prestinum að Húsavík sira Jóni Þorsteinssyni Lundarbrekkuprestakall í Suður-Þingeyjarprófestsdæmi.

ALÞINGISKOSNINGAR.

Eptir að 1. þingmaður Ísafjarðarsýslu Jón Sigurðsson R. D. í Kaupmannahöfn og 2 þingmaður Suðurmúlasýslu Einar Gíslason á Höskuldsstöðum höfðu sagt af sjer þingmennskunni fóru fram nýjar kosningar

að þingmála í Suðurmúlasýslu 10. júní, og var þar kosinn alþingismaður Jón bóndi Þjetursson á Berunesi með 30 atkvæðum af 57 og

á Ísafjarðarkaupstað 8. ágúst, þar sem Þorsteinn bakari Þorsteinsson var kosinn á þing með 12 atkvæðum af 18.

KONSÚLL SKIPAÐUR.

Eptir að Símon kaupmaður Johnson í Reykjavík hafði verið skipaður konunglegur scensk-norskur varakonsúll, hefir hans hátign konunginum póknazt 4. júlí þ. á. að játa og samþykkja þetta embætti hans.

ÓVEITT EMBÆTTI

a er ráðgjafinn fyrir Ísland leggur til um veitingu á.

Embættid sem sýslumaður í Barðastrandarsýslu í vesturumdæmi Íslands.

Árslaun eru 2500 kr., auk óvissra tekja samkvæmt 2. gr. laga 14. desbr. 1877, um laun sýslumanna og bæjarfógeta.

Sækí aðrir en Íslendingar um embætti þetta, skulu þeir láta bónarbrjefum sínum fylgja til hlýðileg vottorð um kunnáttu sína í íslenzkri tungu, samkvæmt konungsráskurðum 8. apríl 1844, 27. maí 1857 og 8. febrúar 1863.

Auglýst 2. ágúst 1879. Bónarbrjef eiga að vera komin 31. október 1879.